



9. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 6. ágúst 2019 í ráðhúsi Hafnarfjarðar kl. 09:00.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Forföll:

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir atriði síðustu funda og stöðu mála.

Thorsplan var rætt og staða þess sem torg bæjarins. Farið yfir minnisblað. Enn er mikill áhugi á að fá Trípólí arkitekta til að koma að áframhaldandi vinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir miðbæinn. Farið var yfir atriði sem áður hafa komið fram á fyrri fundum og í kynningum sem starfshópurinn hefur fengið er snýr að almenningssamgöngum og húsnæði meðfram Strandgötunni.

2. Hvernig mætti styrkja götummynd Strandgötu.

Mætti endurvekja húsverndarstyrki bæjarins? Með því móti mætti styrkja götummyndir og gera aðlaðandi fyrir fyrirtæki að hefja rekstur. Kári Eiríksson hefur gert drög að fallegri götummynd Strandgötu og hvernig hún gæti litið út verði hugað að viðhaldi og endurgerð húsa sem þar standa. Lagt er til að sú teikning verði lögð fram til kynningar.

3. Skilmálar vegna verslunar- og þjónustu.

Ætti að skoða fyrirkomulag líkt og í Reykjavík þar sem kvóti er í miðbænum fyrir mismunandi starfsemi? Á sama tíma þarf að huga að því að húsnæði sé í boði og ákv. stoðþjónusta sé til staðar sem laðar að önnur fyrirtæki og verslanir. Auðvelda þarf fyrirtækum að hefja rekstur í miðbæ Hafnarfjarðar.

4. Næstu skref

Vinna þarf áfram skýrsluna sem starfshópurinn mun nú brátt skila af sér.

Kári Eiríksson arkitekt mun halda utan um það verkefni.

Guðmundur Bjarni Harðarson tekur að sér að skoða bílastæðamál við miðbæinn, Fjörð, og hvernig best sé að bregðast við skorti á stæðum sem vel ætti að vera hægt að leysa með einfaldri gjaldtöku.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi er með tölur er varðar íbúafjölda sem starfshópurinn óskar eftir.

Lögð var fram sú hugmynd að vera með opinn vinnufund /vinnudag fyrir íbúa þar sem þeir leggja hugmyndir sínar fram og taka þátt í umræðum um framtíð miðbæjarins. Kári hefur áður stýrt vinnudegi sem þessum og óskað er eftir að hann geri slíkt hið sama vegna miðbæjarins og endurskoðun deiliskipulagsins. Rætt var að síðasti fundur starfshópsins yrði mán. 12.8. eða þri. 13.8. nk.

Næsti fundur verður föstudaginn 9. ágúst kl.9 í ráðhúsi Hafnarfjarðar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:45.